

Gangnaseðill 2020



Svalbarðshreppur

Gangnaseðill ársins 2020 er með hefðbundnu sniði. Helstu breytingar eru að nú eru Gunnarsstaðabúið í þrennu lagi og fjallskil lögð á samkvæmt því. Einnig fór Brúarland með verulegan hluta af sínu fé austur í Bakkaheiði í fjallskiladeild Langnesinga. Núna er samtals 490 kindum úr okkar deild sleppt á Langaneströnd. Annað er lítið breytt. Fjárfjöldin sem greiðir gjald í í fjallskiladeildina fækkar um 466 kindur sem leiðir til þess að fjallskilgjaldið þarf að taka hækkun sem nemur 43 kr á kind og er ákveðið 593 kr á vetrarfóðraða kind.

Aukasmalaverk er enn haft sem ætlast er að nýtist sunnan heiðamóta í Hvamms- og Dalsheiði ásamt Álandstungu. Er ætlunin að það vinnist í samvinnu við bæði Langnesinga sem og Öxfirðinga eftir atvikum, og jafnvel Vopnfirðinga. Reynslan af þessu bendir til þess að okkur sé að takast að halda síðheimtum í lágmarki.

Mat á göngum er óbreytt en fyrirséð er að það þarf að taka breytingum. Enda ljóst að einungis hluti bænda í fjallskiladeildinni stendur undir sameiginlegum kostnaði við akstur og réttarástöðu. Ekki er sú breyting gerð í ár, enda líkur til að frekari breytingar á smalfyrirkomulagi þurfi að gera á næsta ári.

Annars skulum við njóta þess hve veðrið hefur verið okkur hagfellt síðustu vikur. Í fjölmiðlum hefur verið ítrekað um smitgát varðandi samkomur er stundum verða í tengslum við smástörf. Er sjálfsagt að hlýta því. Einnig gildir það sama og annarsstaðar í þjóðfélaginu um þessar mundir, hver verður að taka ábyrgð á sjálfum sér, og hver bóndi að stjórna sýnu fólki og búi.

Verum annars samstillt og glaðværð. Sem fyrr ákveða Gangnaforningar hvenær haldið sé til gangna og boða sína menn með eðlilegum fyrirvara.

Höfum í huga að göngur og réttir eru okkar sumarloka hátíð og eiga vera ánægjulegar og skemmtilegar, verum unga fólkinu fyrirmyndir og kennum þeim störfin með jákvæðni og stuðning að leiðarljósi.

Er öllum bændum og þeirra fólki óskað velfarnaðar við hauststörfin.

Áætlaðar dagsetningar gangna og rétta.

Hvamms- og Dalsheiði 1. göngur 4. sept og réttir 12. sept.

Álandstunga 1. göngur 10. sept og réttir 13. sept.

Garðsheiði forsmölun 4. sept, 1. göngur 5. sept og réttir 6. sept.

Búrfellsheiði 1. göngur 4. sept og réttir 6. sept.

Réttum úr 1. göngum skal lokið eigi síðar en 25. september og fjallskilum lokið 15. október.

Fjallskil jafnast niður þannig:

<u>Hvammsheiði</u>	1.göngur	2.göngur	3.göngur
Hvammur 2	1 maður		2 menn
Hvammur 3	1-	1 maður	
Gunnarsstaðir 5	3-	3-	1-
Gunnarsstaðir 3	1-		
Brúarland		1-	

Gangnaforingi og réttastjóri: Ólafur Aðalsteinn Sigurðsson

Réttarstjóri á Gunnarsstaðarétt: Axel Jóhannesson

Forasmölun ofan heiðarmóta Gunnarsstaðir og Hvammur 3, einn maður hvor.

<u>Dalsheiði</u>	1.g	2.g	3.g
Holt	2 menn	1 maður	1 maður
Laxárdalur	2 -	2-	1-
Gunnarsstaðir 4	2-	1-	1-

Gangnaforingi: Eggert Stefánsson, Réttarstjóri: Stefán Eggertsson

Forasmölun ofan heiðarmóta Laxárdalur og Gunnarsstaðir 4, einn maður hvor.

<u>Álandstunga</u>	1.g	2.g	3.g
Syðra-Áland	2 menn	2 menn	1 maður
Ytra-Áland	4 -	2-	2-

Gangnaforingi og réttarstjóri: Skúli Ragnarsson

Forsmölun ofan heiðarmóta Syðra-Áland, einn maður

<u>Búrfellsheiði</u>	1.g	2.g	3.g
Fjallalækjarsel	3 menn	2 menn	2 menn
Svalbarð	5-	3-	2-

Gangnaforingi og réttarstjóri: Gunnar Þorleifsson

Mótsmölun við Öxfirðinga

Einn maður Fjallalækjarseli og tveir frá Svalbarði.

<u>Garðsheiði</u>	1.g	2.g	3.g
Garður	3 menn	2 menn	2 menn
Hagaland	2 -	2-	1-
Gunnarsstaðir 5	1-		

Gangnaforingi og réttarstjóri: Soffía Björvinsdóttir

Mótsmölun við Öxfirðinga

Tveir menn frá Garði og einn frá Hagalandi

Rauðanes

Sævarland sér um smölun í samvinnu við Borgir

<u>Seljaheiði</u>	1.g	2.g
Borgir	3 menn	3 menn
Kollavík	3 -	1 -

Gangnaforingi og réttarstjóri: Eiríkur Kristjánsson

Mótsmölun við Öxfirðinga

Þrír menn frá Borgum og tveir frá Kollavík

<u>Afrétt</u>	1.g	2.g
Sveinungsvík	6 menn	2 menn

<u>Fjallgarður</u>	1.g	2.g
Sveinungsvík	3 menn	1 maður

Gangnaforingi og réttarstjóri austan og vestan Fjallgarðs: Árni Gunnarsson

Umsjón með aðkomufé og rekstrum milli bæja hafa Jóhannes á Gunnarsstöðum og Soffía í Garði Gangnaforingi í forsmölun ofan og sunnan heiðarmóta er Eggert Stefánsson.

Mat á göngum er eftirfarandi;

Göngur í Hvammsheiði, Dalsheiði og Álandstungu	43.000 kr
Göngur í Búrfellsheiði, Garðsheiði og Seljaheiði	30.900 -
Ganga á Afrétt og Fjallgarð, og forsmölun ofan heiðarmóta	19.500 -
Mótsmalanir til Öxfirðinga eru metnar ½ göngur	15.450 -
Fjallskilagjaldið er 593 kr. á vetrarfóðraða kind.	

Fjártölur miðast við haustskýrslur MAST. Ef menn telja verulegan mun á fjölda fjár á þeim skýrslum og að vori skulu menn koma ábendingum um slíkt til fjallskilastjóra.

Ekki verður um önnur fjárútlát af hálfu fjallskilasjóðs en hér hafa verið nefnd nema um það sé samið við fjallskilastjóra áður en til þeirra er stofnað.

Holti 26. ágúst 2020
F. h. Hreppsnefndar Svalbarðshrepps.

Sigurður Þór Guðmundsson